

7. gr.

Um röntgentækna gildir að öðru leyti og eftir því sem við á ákvæði læknalaga nr. 80/1969, með síðari breytingum um viðurlög í starfi, sviptingu löggildingar starfsréttinda og endurveitingu þeirra.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 209/1971 um Röntgentæknaskóla Íslands.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Neshrepps utan Ennis 1985—2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. apríl 1986 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Neshrepps utan Ennis 1985—2005.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði samþykktur.

Aðalskipulag Neshrepps utan Ennis 1985—2005 leysir af hólmi aðalskipulag Hellisands sem staðfest var af ráðuneytinu 19. september 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um niðurfellingu reglna nr. 234 18. apríl 1980.

Hér með eru felldar úr gildi reglur nr. 234 18. apríl 1980, um lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum til atvinnubifreiðastjóra og ökukennara svo og önnur fyrirmæli um framkvæmd 41. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl. Skal kvöðum sem þinglýst kann að hafa verið á bifreiðar í samræmi við reglurnar skilyrðislaust af þeim létt.

Fjármálaráðuneytið, 5. maí 1986.

F. h. r.

Sigurgeir Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.